

## ☒ Re: FW: Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - Skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun

Búið til	30.3.2021 12:04:40
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	30.3.2021 12:05:26
Tilheyrir	📁 202103-0018 - Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - Skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun

### Efni

Re: FW: Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - Skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun

### Upplýsingar

Sent	30.3.2021 12:05:26	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	afgreidsla@sudurnesjabaer.is
Cc	gudbjorg@sudurnesjabaer.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr. 202103-0018- (LA)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Suðurnesjabæ, dags. 16. mars 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um skipulags- og matslýsingu vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags Suðurnesjabæjar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um í frekari vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Í lýsingunni er lýst helstu áherslupáttum en ekki farið nákvæmlega í hvernig vinnan verður í framhaldinu.

Á Miðnesheiði og meðfram strandlengju sveitarfélagsins eru mikilvæg fuglasvæði. Náttúrufræðistofnun Ísland gerði árið 2018 tillögu að verndarsvæði á B-hluta náttúruminjasrá sem er núna til skoðunar hjá Umhverfisstofnun. Svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða og fjölbreytt fuglalífa. Sjá staðreyndarsíðu um Kalmanstjörn-Garðskaga <https://www.ni.is/greinar/su-kalmanstjorn-gardskagi> (<https://www.ni.is/greinar/su-kalmanstjorn-gardskagi>)

Meðfylgjandi eru nokkrar ábendingar sem hafa að hluta þegar komið fram í lýsingunni en geta komið að notum.

#### Almennar ábendingar vegna skipulags og umhverfismats:

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætla, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætla er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>) þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>)
- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)) .

Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>) . Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Lögð er áhersla á að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>) .

Einnig má finna upplýsingar um

- 61. gr. um sérstaka vernd náttúruyrirbæra í lögum um náttúruvernd: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)
- jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>)
- vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði <https://vistgerdakort.ni.is/> (<https://vistgerdakort.ni.is/>)
- seli og selalátur við landið hér: [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf))

og kortasjá <http://selalatur.ni.is/> (<http://selalatur.ni.is/>)

Yfirlit yfir válista, plöntur og dýr, má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>)

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500.      [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** Guðbjörg Gabríelsdóttir

**Sent:** þriðjudagur, 16. mars 2021 13:10

**To:** [ni@ni.is](mailto:ni@ni.is)

**Subject:** Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - Skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun

**Vinsamlegst staðfestið móttöku.**

Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

**Efni:** Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - Skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun

**Óskað er eftir umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna aðalskipulags Suðurnesjabæjar.**

Nýtt aðalskipulag Suðurnesjabæjar felur í sér endurskoðun gildandi aðalskipulaga, þ.e. *Aðalskipulags Garðs 2013-2030* og *Aðalskipulags Sandgerðisbæjar 2008-2024*. Innan sveitarfélagamarka er einnig í gildi *Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030*, en það er ekki hluti af hluti af endurskoðuninni.

Í skipulags- og matslýsingu er farið yfir ýmis atriði sem skipta máli við endurskoðun aðalskipulaga í Suðurnesjabæ. Skipulags- og matslýsing er verklýsing þar sem m.a. er gerð grein fyrir ástæðum endurskoðunar, afmörkun, gildistíma, helstu áherslum, forsendum, fyrirliggjandi stefnu, samráði, tímaferli og umhverfismati áætlunar.

Skipulags- og matslýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofunni að Sunnubraut 4 og á heimasíðu Suðurnesjabæjar, [www.sudurnesjabaer.is](http://www.sudurnesjabaer.is) (<http://www.sudurnesjabaer.is>) frá og með þriðjudeginum 16. mars 2021 til og með miðvikudeginum 31. mars 2021. Kynning á skipulags- og matslýsingu fer fram fimmtudaginn 25. mars kl 19.30 í Vörðunni, Miðnestorgi 3, en henni verður einnig streymt á facebooksíðu

Suðurnesjabæjar. Athugið að vegna sóttvarnareglna þarf að skrá sig á viðburðinn á [afgreidsla@sudurnesjabaer.is](mailto:afgreidsla@sudurnesjabaer.is) (mailto:afgreidsla@sudurnesjabaer.is) ef ætlunin er að mæta á staðinn. Einnig er hægt að tilkynna þátttöku í síma 425 3000.

Umsagnir um skipulags- og matslýsinguna skulu berast til Suðurnesjabæjar á [afgreidsla@sudurnesjabaer.is](mailto:afgreidsla@sudurnesjabaer.is) (mailto:afgreidsla@sudurnesjabaer.is) eða bréfleiðis á skrifstofu sveitarfélagsins Sunnubraut 4, 250 Suðurnesjabæ undir yfirskriftinni „Aðalskipulag Suðurnesjabæjar“. Frestur til að skila inn er til og með 31. mars 2021.

Meðfylgjandi er skipulags- og matslýsingin í viðhengi.

Með kveðju,



**Magnús Stefánsson**

Bæjarstjóri / Mayor

—

Sunnubraut 4, 250 Garður

—

+354 425 3000

+354 861-8889

—

[www.sudurnesjabaer.is](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.sudurnesjabaer.is%2F&data=04%7C01%7Cgudbjorg%40sudurnesjabaer.is%7Cd3bfcfbf818e64a6b1d3608d8e87044e9%7C42ff90a10939468eabfb2d10b05c0601%7C0%7C0%7C637514916180140280%7CUnkno%7CWN%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sdata=D%2BLyFCcH8BYO9u8wAD%2FD768Bst2LbrexOdl%2FXdQOU%3D&reserved=0) (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.sudurnesjabaer.is%2F&data=04%7C01%7Cgudbjorg%40sudurnesjabaer.is%7Cd3bfcfbf818e64a6b1d3608d8e87044e9%7C42ff90a10939468eabfb2d10b05c0601%7C0%7C0%7C637514916180140280%7CUnkno%7CWN%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sdata=D%2BLyFCcH8BYO9u8wAD%2FD768Bst2LbrexOdl%2FXdQOU%3D&reserved=0)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)

image002.png (3 KB)